



Fréttatilkynning  
7. ágúst 2014

## **Árshlutareikningur Landsnets hf. fyrir tímabilið janúar-júní 2014** **- Hagnaður tímabilsins nam 1.231 milljónum króna -**

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 1.231 mkr. fyrstu 6 mánuði ársins 2014 samanborið við hagnað að fjárhæð 1.488 mkr. fyrir sama tímabil árið 2013. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 4.446 mkr. samanborið 4.850 mkr. á sama tímabili fyrra árs og lækkar um 404 mkr. á milli ára. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 1.565 mkr. á tímabilinu en voru 1.762 mkr. á sama tímabili ársins 2013. Hrein fjármagnsgjöld lækka því um 197 mkr. á tímabilinu janúar-júní 2014 í samanburði við sama tímabil 2013.

Eiginfjárlutfall í lok júní var 21,4% samanborið við 19,9% í lok ársins 2013. Eigið fé í lok tímabilsins nam 16.678 mkr. samanborið við 15.446 í lok árs 2013. Heildareignir félagsins í lok júní námu 78.076 mkr. samanborið við 77.608 mkr. í lok árs 2013. Heildarskuldir námu 61.398 mkr. samanborið við 62.162 mkr. í lok árs 2013.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok júní nam handbært fé 8.718 mkr. Handbært fé frá rekstri fyrstu 6 mánuði ársins nam 1.612 mkr.

Árshlutareikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 7. ágúst 2014.

### **Frekari upplýsingar veitir:**

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang [guðlaugs@landsnet.is](mailto:guðlaugs@landsnet.is)

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstrartekjur	6.945.029	7.064.797
Rekstrargjöld	( 3.853.172)	( 3.456.132)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	3.091.857	3.608.665
Hrein fjármagnsgjöld	( 1.565.145)	( 1.761.519)
Áhrif hlutdeildarfélags	9.933	10.217
<b>Hagnaður(tap) fyrir tekjuskatt</b>	1.536.645	1.857.363
Tekjuskattur	( 305.342)	( 369.429)
<b>Hagnaður (tap)</b>	1.231.303	1.487.934

	30.6.2014	31.12.2013
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Fastafjármunir	66.839.538	66.369.857
Veltufjármunir	11.236.114	11.238.258
<b>Eignir samtals</b>	78.075.652	77.608.115
Eigið fé	16.677.536	15.446.233
Langtímaskuldir	58.721.887	58.563.938
Skammtímaskuldir	2.676.229	3.597.944
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	78.075.652	77.608.115

	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
<b>Sjóðstreymi</b>		
Handbært fé frá rekstri	1.612.437	2.714.099
Fjárfestingahreyfingar	( 2.194.113)	( 2.999.380)
Fjármögnunarhreyfingar	( 452.426)	( 460.785)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	( 164.982)	( 349.170)
Handbært fé í ársbyrjun	9.917.204	10.309.772
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	8.718.120	9.214.536

	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
<b>Helstu kennitölur</b>		
EBITDA	4.445.920	4.849.718
	<b>30.6.2014</b>	<b>31.12.2013</b>
Eiginfjárhlutfall	21,4%	19,9%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.